



Uppgjör Landsbankans

janúar – mars 2016



12. maí 2016

Fréttatilkynning vegna uppgjörs fyrsta ársfjórðungs Landsbankinn hagnast um 3,3 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins

Afkoma Landsbankans var jákvæð um 3,3 milljarða króna eftir skatta fyrstu þrjá mánuði ársins 2016 en hagnaður á sama tímabili árið 2015 nam 6,4 milljörðum króna.

Rekstrartekjur á 1. ársfjórðungi námu 11,5 milljörðum króna samanborið við 14,7 milljarða króna á sama tímabili árið 2015. Launakostnaður hækkaði í takti við ákvæði nýrra kjarasamninga en á hinn bóginn lækkaði annar rekstrarkostnaður þannig að heildarrekstrarkostnaður bankans lækkaði um 0,5% miðað við sama tímabil 2015.

Vaxtamunur eigna og skulda nam 1,9% á 1. ársfjórðungi 2016 en var 2,0% á sama tímabili árið áður.

Útlán Landsbankans jukust miðað við sama tímabil í fyrra, þrátt fyrir mikla og vaxandi samkeppni á lánamarkaði. Einnig hækkuðu þjónustutekjur vegna vaxandi viðskipta.

Vanskilahlutfall heldur áfram að lækka og var 1,7% á 1. ársfjórðungi, samanborið við 2,3% á sama tímabili í fyrra.

Kostnaðarhlutfall hækkaði sem skýrist einkum af lægri tekjum af verðbréfum. Kostnaðarhlutfall fyrstu þrjá mánuði ársins er 55,8% samanborið við 48% á sama tímabili árið áður.

Eigið fé Landsbankans var 267,8 milljarðar króna 31. mars sl. og eiginfjárhlutfallið var 31,2%. Landsbankinn greiðir á þessu ári 28,5 milljarða króna í arð í tveimur greiðslum, annars vegar 20. apríl og hins vegar 21. september og gætir áhrifa arðgreiðslunnar því ekki í þessu uppgjöri.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans segir: „Afkoma Landsbankans á fyrsta ársfjórðungi er viðunandi. Af hálfu bankans hefur lengi verið rætt um að vægi einskisliða, svo sem jákvæðra virðisbreytinga útlána, færi minnkandi og að ekki væri reiknað með áhrifum einskisliða til framtíðar. Sú hefur orðið raunin og uppgjörið nú lýsir reglubundnum rekstri bankans, án verulegra áhrifa frá óreglulegum liðum.

Bankinn þarf að skila viðunandi arðsemi, en á sama tíma þarf áhætta að vera innan marka. Bankinn þarf að vera traustur og reksturinn hagkvæmur. Í samræmi við stefnu Landsbankans er markvisst unnið að því að draga úr áhættu og auka skilvirkni. Í sumum tilfellum kalla hagræðingaraðgerðir á aukin útgjöld og fjárfestingu til skamms tíma en leiða til mikils sparnaðar þegar upp er staðið. Þetta á til dæmis við um endurnýjun á grunnupp lýsingakerfum bankans sem nú er unnið að í samvinnu við Reiknistofu bankanna.

Landsbankinn stendur vel eins og mikil og vaxandi markaðshlutdeild, traustur efnahagur og arðgreiðslur bera glögg merki um. Vel hefur gengið að innleiða stefnu bankans en lykilatriði í henni er að viðskiptavinir finni að með Landsbankanum nái þeir árangri og að þeir njóti ávinnings af viðskiptum við bankann.“

Helstu atriði úr rekstri á 1. ársfjórðungi (1F) 2016

Rekstur:

- » Hagnaður Landsbankans á 1. ársfjórðungi nam 3,3 milljörðum króna, samanborið við 6,4 milljarða króna á 1F 2015.
- » Arðsemi eiginfjár eftir skatta nam 5,0%, samanborið við 10,6% fyrir sama tímabil árið 2015.
- » Virðisbreytingar útlána á fyrstu þremur mánuðum ársins voru jákvæðar um 311 milljónir króna.
- » Hreinar vaxtatekjur námu 7,5 milljörðum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins í samanburði við 7,3 milljarða á sama tímabili árið 2015.
- » Hreinar þjónustutekjur námu tæpum 2 milljörðum króna en þær voru 1,6 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2015. Aukning nemur um 21% frá sama tímabili árið áður sem skýrist af auknum viðskiptum.
- » Vaxtamunur eigna og skulda nemur 1,9% samanborið við 2,0% á sama tímabili árið áður.
- » Laun og launatengd gjöld nema 3,8 milljörðum króna og hækka um 1,4% á milli tímabila.
- » Rekstrarkostnaður að frátöldum launum og launatengdum gjöldum lækkar um 3,1% frá sama tímabili árið áður.
- » Kostnaðarhlutfall fyrstu þrjá mánuði ársins var 55,8% samanborið við 48% á sama tíma árið áður.
- » Stöðugildi 31. mars voru 1.063 en voru 1.102 á sama tíma fyrir ári.

Efnahagur:

- » Eigið fé Landsbankans nam í lok mars um 267,8 milljörðum króna og hefur það hækkað um 1,25% frá áramótum.
- » Eiginfjárhlutfall bankans (CAR – Capital Adequacy Ratio) 31. mars 2016 var 31,2% en var 26,7% í lok mars 2015. Það er vel umfram 21,8% eiginfjárviðmið Fjármálaeftirlitsins.
- » Heildareignir bankans námu 1.107 milljörðum króna í lok mars 2016.
- » Innlán viðskiptavina námu 545 milljörðum króna í lok mars 2016 samanborið við 559 milljarða króna í lok árs 2015.
- » Ný útlán til viðskiptavina á fyrsta ársfjórðungi eru um 49 milljarðar króna, en að teknu tilliti til afborgana, virðisbreytinga og fleiri þátta hækka heildarútlán um 3,1 milljarða króna á tímabilinu.
- » Lausafjárstaða bankans er sterk sem fyrr, jafnt í erlendri mynt sem í íslenskum krónum, og er vel umfram kröfur eftirlitsaðila. Heildarlausafjárstaða bankans, sem og lausafjárstaða bankans í erlendri mynt er umfram lausafjárviðmið Seðlabankans. Lausafjárhlutfall (LCR) var 134% í lok mars 2016.
- » Gjaldeyrisjöfnuður bankans er sterkur en eignir í erlendri mynt eru um 17 milljörðum króna umfram skuldir í erlendri mynt.
- » Heildarvanskil hjá fyrirtækjum og heimilum stóðu í 1,7% í lok mars 2016 samanborið við 1,8% í lok árs 2015.

	1F 2016	1F 2015	2015	2014
	<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>			
Hagnaður eftir skatta	3.315	6.412	36.460	29.737
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	5,0%	10,6%	14,8%	12,5%
Leiðrétt arðsemi eftir skatta *	5,7%	10,0%	10,6%	7,5%
Vaxtamunur eigna og skulda**	1,9%	2,0%	2,2%	1,9%
Kostnaðarhlutfall ***	55,8%	48,0%	43,8%	56,0%

	31/3/2016	31/3/2015	31/12/2015	31/12/2014
Heildareignir	1.106.700	1.172.380	1.118.658	1.098.370
Útlán til viðskiptavina	814.669	735.479	811.549	718.355
Innlán frá viðskiptavinum	545.208	624.063	559.051	551.435
Eigið fé	267.846	233.860	264.531	250.803
Eiginfjárlutfall (CAR)	31,2%	26,7%	30,4%	29,5%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	133%	142%	136%	134%
Heildarlausafjárþekja	134%	118%	113%	131%
Lausafjárþekja erlendra mynta	496%	379%	360%	614%
Gjaldeyrisjöfnuður	17.071	19.905	23.795	20.320
Vanskilahlutfall (>90 daga)	1,7%	2,3%	1,8%	2,3%
Stöðugildi	1.063	1.102	1.063	1.126

* Leiðrétt arðsemi eftir skatta = (Hagnaður eftir skatta – jákvæðar virðisbreytingar eftir skatta – skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja – hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta) / meðalstaða eigin fjár.

** Vaxtamunur eigna og skulda = (Vaxtatekjur / meðalstaða heildareigna) – (vaxtagjöld / meðalstaða heildarskulda).

*** Kostnaðarhlutfall = Rekstrargjöld alls / (Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).